



Nefndarsvið Alþingis  
nefndarsvid@althingi.is  
150 Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 141/419**  
**komudagur 8.11.2012**

Reykjavík 7. nóvember 2012  
Tilv. 194 mál

**Efni: Umsögn um þingskjal 197– 194. mál – frumvarp til laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu.**

Í framhaldi af tölvupósti nefndasviðs Alþingis d. 19. október 2012 þar sem óskað er eftir umsögn SÍK um þingskjal 197 – 194. mál þá vill SÍK – Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Það er skoðun okkar að aukið gegnsæi og aukinn aðskilnaður milli útvarpsþjónustu í almannabágu og annarar starfsemi Ríkisútvarpsins feli í sér möguleika á að skapa eðlilegri viðskipti við sjálfstæða framleiðendur og ekkert sé því til fyrirstöðu að bjóða út alla framleiðslu, aðra en fréttir og fréttatengt efni, til sjálfstæðra framleiðenda. Í ljósi reynslu okkar, er það vissa okkar að slíkt fyrirkomulag muni leiða til aukinnar hagkvæmni í framleiðslu sem muni skila áhorfendum vandaðra efni á betra verði.

Það ber að hafa í huga að sjálfstæðir framleiðendur hafa nú þegar með höndum framleiðslu í þágu Ríkisútvarpsins og annarra sjónvarpsstöðva á Íslandi. Eins og landsmenn þekkja hefur framleiðsla þessi skilað mjög góðu sjónvarpsefni sem mikilla vinsælda hefur notið. Augljóst er að útboð þessa efnis myndi styðja mjög við og efla framleiðslu íslensks sjónvarps- og kvikmyndaefnis, ennfremur myndi aukast nýsköpun, gæði og fjölbreytileiki á þessu sviði menningarinnar. Ekki verður séð að nein haldbær rök fyrir því að Ríkisútvarpinu sé nauðsyn á að framleiða ofangreint sjónvarpsefni á eigin vegum.

Framleiðslustarfsemi Ríkisútvarpsins er í beinni samkeppni við sjálfstæða framleiðendur í landinu og ætti öllum að vera ljóst að samkeppni sjálfstæðra framleiðenda, sem eingöngu þurfa að reiða sig á markaðinn, við Ríkisútvarpið er ójafn leikur enda byggir Ríkisútvarpið á einhliða ákveðnum tekjustofnum, þ.e. lögbundnum áskriftargjöldum. SÍK gerir það því að tillögu sinni að öll framleiðsla sjónvarpsefnis, annað en fréttir og fréttatengt efni verði boðin út til sjálfstæðra framleiðenda. Slík ráðstöfun leiðir af sér að ekki verður þörf á stofnun sérstakra dótturfélaga í eigu Ríkisútvarpsins um framleiðslu sjónvarpsefnis.

Þar sem þessi lög munu hafa veruleg áhrif á framleiðsluumhverfi á Íslandi finnst okkur mjög mikilvægt að endurmeta þá fjölmiðlaþjónustu í almannabágu sem Ríkisútvarpið veitir við gildistöku laga þessara. Þessu til staðfestingar bendum við á samkomulags um stefnumörkun fyrir íslenska kvikmyndagerð og kvikmyndamenningu árin 2012-2015, sem fjármálaráðuneytið og menntamála- og menningarmálaráðuneytið gerðu við fagfélög í kvikmyndagerð þann 8. des. 2011, þar sem segir í 4 grein:

**Ríkisútvarpið**

*Með nýjum lögum um Ríkisútvarpið verður samningur um útvarpsþjónustu í almannabágu milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Ríkisútvarpsins endurskoðaður. Meðal markmiða þeirrar endurskoðunar verður að efla hlutverk Ríkisútvarpsins sem þátttakanda í íslenskri kvikmyndagerð. Liður í því er að stuðla að nýsköpun og auka hlutfall þjónustutekna*



*Ríkisútvarpsins sem varið verður til kaupa á efni frá sjálfstæðum íslenskum kvikmyndaframleiðendum.*

Í tengslum við þetta minnir SÍK á mikilvægt hlutverk Ríkisútvarpsins sem meðframleiðenda á íslensku efni og treystir því að í áðurnefndum samningi verði sambærileg ákvæði og eru í gildi í Danmörku höfð að leiðarljósi. Eins og öllum er kunnugt hafa Danir byggt upp mjög öflugan kvikmyndaíðnað á síðustu árum og er samkomulag við ríkisreknu sjónvarpsstöðvarnar þar annar af tveimur hornsteinum í framleiðslu innlands efnis í Danmörku.

**SÍK fagnar því að sjá komið inn í frumvarpið ákvæði VII til bráðabirgða: *Eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku laga þessara skulu Ríkisútvarpið og ráðherra endurskoða samning um útvarpsþjónustu í almannabágu með hliðsjón af ákvæðum laga þessara.***

SÍK óskar sérstaklega eftir því að kveðið verði á í þessu ákvæði að ráðuneyti sé skylt að leita umsagnar SÍK við nýjan samning um útvarpsþjónustu í almannabágu.

SÍK vill ennfremur koma á framfæri ósk sinni að í nýjum lögum verði kveðið á um skyldu RÚV til að gera samning við SÍK, f.h. sjálfstæðra kvikmyndaframleiðenda. Þessi skylda RÚV væri gerð á þeirri forsendu að Ríkisútvarpið er leiðandi afli í útsendingum og miðlun innlands efnis og hefur mjög ríka skyldu þar skv. frumvarpinu. Slíkur samingur myndi kveða á um efnisatriði eins og stefnumörkun, þátttöku í meðframleiðslu, samráð við greinina, þátttöku í norrænu samstarfi, lágmarksviðmið í kaupum á efni, faglegar kröfur og fl.


Jafnframt leggur SÍK til að inn í lögum verði skýrt kveðið á um ákvæði um lágmarkshlutdeild af útsendu efni á kjörtíma verði frá sjálfstæðum framleiðendum, en slíkt ákvæði var í eldri lögum en virðist ekki hafa verið tekið áfram við endurskoðun laganna, og að tryggt verði hærra lágmarksviðmið en í fyrri lögum, sem var 10%.

SÍK vill jafnframt leggja til að sambandið fái að tilnefna einn valnefndarmann sbr. 9 gr. frumvarpsins, eða að lágmarki að tryggt verði að ráðherra tilnefni einn af sínum fulltrúum, sem fulltrúa kvikmyndaframleiðenda. SÍK er ekki aðili að neinum þeim samtökum sem talin eru upp og við teljum það mjög mikilvægt að rödd og sjónarmið kvikmyndaframleiðenda komi fram við val á stjórn RÚV, ekki síst í ljósi reynslunnar. Frumvarpið snertir með margvíslegum hætti hagsmunum kvikmyndaframleiðenda og því er afar mikilvægt að efla samstarf og samskipti þessara aðila við framkvæmd laganna.

SÍK vill að lokum fagna því að inn í frumvarpið í III kafla, 10 gr. 2 m.gr. er komið ákvæði um að stjórn Ríkisútvarpsins móti dagskrárstefnu og meginstefnu Ríkisútvarpsins til lengri tíma og leggur til að skýrt verði kveðið á um endurskoðun slíkrar stefnu með reglulegum hætti, sem og að dagskrárstefna Ríkisútvarpsins verði kynnt með viðunandi hætti.

Með bestu kveðju,

f.h. hönd SÍK – Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda



Hilmar Sigurðsson  
formaður  
[chairman@producers.is](mailto:chairman@producers.is)